

Sigurður Páll Harðarson
sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs
Akraneskaupstaðar

Landfyllingar á Grenjum.


Yfirlit 4. maí 2018.

Borist hefur fyrirspurn frá Akraneskaupstað til Teiknistofu Arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. um þá fullyrðingu að landfylling við athafnasvæði Skagans3X hafi stækkað um 7000 m² í stað 2000m² sem sé umfram heimildir í aðalskipulagi og deiliskipulagi sem stofan hefur unnið fyrir svæðið.

2012 var gerð óveruleg breyting á Aðalskipulagi Akraness 2005-2018 þar sem gert var ráð fyrir stækkun hafnarsvæðis H3 og landfyllingu 2.150 m² (0,2 ha) út í Krókalón. Breyting á afmörkun hverfisverndarsvæðis Hv3 var innan skekkjumarka miðað við skráningu flatarmáls í aðalskipulaginu.

Í deiliskipulagi frá sama ári var gert ráð fyrir að sjóvarnargarður yrði lagður utan á hafnarsvæðið (þ.e. norðan við mörk landnotkunarreitsins) og þar með utan þess svæðis, sem merkt var sem landfylling. Í ákvæðum um hverfisverndarsvæði í kafla 3.2.5 í greinargerð aðalskipulagsins er almennt ákvæði um áframhaldandi uppbyggingu sjóvarnargarða innan hverfisverndarsvæða. Einnig er í kafla 3.2.7 ákvæði um uppbyggingu sjóvarnargarða og að þeir séu ekki sérmerktir á aðalskipulagsupprætti. Útfærsla deiliskipulagsins er því í samræmi við ákvæði aðalskipulagsins um sjóvarnargarða. Þess má geta að nú er annað verklag viðhaft og fyrirhugaðir sjóvarnargarðar sýndir sem landfyllingar sbr. aðalskipulagsbreytingu vegna Sementsreits.

Núverandi landfylling með meginhluta sjóvarnargarðsins er um 4.900 m² (miðað við landið fyrir breytingar) en nær ekki út í norðurmörk varnargarðs samkvæmt deiliskipulagi. Stækkun landnotkunarreits H3 í aðalskipulagsbreytingunni 2012 var 6.189 m². Afmörkun landnotkunarreita (ákvæða/heimilda) í aðalskipulagi þarf ekki að fylgja eignamörkum eða lóðamörkum.



Mynd 1. Á myndinni eru sýndar skipulagslínur aðal- og deiliskipulags annars vegar og núverandi landfylling með sjóvarnargarði hins vegar.



Mynd 2. Hönnunarlínur Siglingastofnunar frá ágúst 2012 sýndar á loftmynd frá 2017.

Akureyri 4. maí 2018.

Með kveðju

Árni Ólafsson